

Héraðsnefndarfundur

Fundur var haldinn í Héraðsnefndar Austur Húnavetninga í félagsheimilinu Blönduósi fimmtudaginn 12. júlí 2007 kl. 16:00. Á fundinn voru mætt: Valgarður Hilmarsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Ágúst Þór Bragason. Jóna Fanney Friðriksdóttir, Sigurlaug Markúsdóttir, Adolf H. Berndsen, Magnús B. Jónsson, Birna Sveinsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Björn Magnússon, Tryggvi Jónsson, Birgir Ingbórsson, Rafn Sigurbjörnsson og Jens Pétur Jensen. Einnig mætti á fundinn undir 1. dagskrárlið Viggó Jónsson, framkvæmdastjóri skíðasvæðis Tindastóls og Hallbjörn Ægir Björnsson ráðgjafi sem unnið hefur skýrslu um skíðasvæðið.

Valgarður Hilmarsson, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Magnús B. Jónsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1 Kynning á skíðasvæðinu við Tindastól
- 2 Afgreiðsla ársreiknings 2006
- 3 Hugmyndir um breytingar á rekstri Héraðsnefndar A-Hún.
- 4 Kosningar
- 5 Önnur mál.

Afgreiðslur og umfjöllun fundarins:

1 Kynning á skíðasvæðinu við Tindastól

Viggó Jónsson kynnti starfsemi og uppbyggingu á skíðasvæðinu. Hann lýsti því að áhugi væri fyrir því að ná samkomulagi við sveitarfélög í A-Hún um rekstur svæðisins. Hallbjörn fór yfir rekstur og fjárfestingar á skíðasvæðinu. Í máli hans kom m.a. fram að áframhaldandi uppbygging skíðasvæðisins í Tindastól er á stefnuskrá skíðadeildarinnar og miðar að því að bjóða upp á gott skíðasvæði með fjölbreytta möguleika til skíðaiðkunar. Viggó fór yfir og ræddi hvaða hagsmunir séu af því að hafa gott skíðasvæði, hvernig megi nýta svæðið betur og hvaða sjónarmiða megi líta til af hálfu sveitarstjórna í því tilliti. Umræður urðu um skíðasvæðið og rekstur þess en ekki gerðar ályktanir. Fram kom að væntanlega mun skíðadeildin senda héraðsnefndinni erindi um stuðning við uppbyggingu á svæðinu.

2 Afgreiðsla ársreiknings

Fyrir var tekin afgreiðsla ársreiknings sem frestað var á síðasta fundi þar sem kjörnir endurskoðendur höfðu ekki lokið yfirferð yfir bókhaldsgögn. Oddviti greindi frá því að þessi vinna hafi ekki verið unnin enn vegna aðstæðna viðkomandi. Lagði hann til að ársreikningur yrði afgreiddur á fundinum. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

3 Hugmyndir um breytingar á rekstri Héraðsnefndar

Fyrir var tekið efni fundargerðar héraðsnefndar frá 14. júní sl. og kom sérstaklega fram í efni minnisblaðs sem lagt var fyrir þann fund og tillögu um að vísa umfjöllun um verkefni héraðsnefndar til einstakra sveitarstjórna. Sveitarstjórnir sem eiga aðild að héraðsnefnd hafa fjallað um málið og var niðurstaða þeirra eftirfarandi:

Á fundi bæjarráðs Blönduósbæjar þann 3. júlí 2007 var eftirfarandi bókun samþykkt:
“Ljóst er að umtalsverðir fjármunir sparast með því að sveitarfélögin í sýslunni starfi saman að grunnskólamállum, rekstri brunavarna, embætti byggingarfulltrúa ofl. Skv. skýrslu sem fyrir liggur og samin er af sérfræðingi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

má áætla að með samstarfi grunnskóla á svæðinu mætti hagræða á bilinu 60-80 mkr. Eru þá ótaldir þeir fjármunir sem aðrir málaflakkar myndu skila í hagræðingu. Fyrir liggur að frekari samrekstur og samvinna sveitarfélaganna í rekstri málaflakka í sýslunni skilar umtalsverðum hagræðingarmöguleikum. Bæjarráð tekur því jákvætt í frekara samstarf og samrekstur málaflakka í sýslunni. Jafnframt telur bæjarráð brýna þörf á heildarúttekt þeirra málaflakka sem þegar eru undir hatti héraðsnefndar m.t.t. hagræðingarmöguleika.

Fjöldamörg sveitarfélög um land allt eru að endurskipuleggja málefni héraðsnefnda m.t.t. nútíma stjórnsýslu. Bæjarráð telur brýnt að allir málaflakkar sem sveitarfélagið er aðili að, hvort sem þeir eru reknir innan bæjarsjóðs eða í byggðasamlögum, séu sifellt í endurskoðun.”

Á fundi hreppsnefndar Höfðahrepps 5. júlí 2007 var svohljóðandi bókun samþykkt: “Hreppsnefnd Höfðahrepps lýsir ánægju sinni með að tekið sé til skoðunar hvort sveitarfélögin geti átt sameiginlega hagsmuni af því að hafa samrekstur um verkefni sveitarstjórnanna á svæðinu. Hreppsnefnd telur að æskilegt sé að sameina félagsþjónustu rekstri héraðsnefndar og að byggingareftirlit verði samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Hreppsnefndin telur ástæðu til að skoða í tengslum við byggingarfulltrúaembætti möguleikann á að hafa sameiginlegt eldvarnaeftirlit en ekki séu enn sem komið er forsendur til fullrar sameiningar slökkviliðanna. Hreppsnefnd telur þá sameiningu hins vegar ekki útilokaða í framtíðinni og að mörgu leyti góðan kost. Í þeirri könnun sem gerð var á rekstri grunnskólanna var ekki hægt að sjá verulega fjárhagslega hagsmuni af sameiningu Höfðaskóla við aðra grunnskóla í sýslunni. Hreppsnefnd sér því ekki flöt á því að fela héraðsnefndinni rekstur þeirra.”

Á fundi hreppsnefndar Húnavatnshrepps 4. júlí 2007 svar svohljóðandi bókun samþykkt:

“Varðandi skýrslu um rekstur grunnskóla í Austur-Húnavatnssýslu vill Hreppsnefnd Húnavatnshrepps taka eftirfarandi fram: Skýrslan er mjög gróflga unnin og eru ýmsar tölur um rekstrarkostnað ekki sambærilegar milli skóla. Ekki stendur til að leggja niður skólastarf að Húnavöllum, en hreppsnefnd er nú sem fyrr tilbúin að ræða samstarf við aðra skóla.

Hreppsnefnd telur rétt að rekstur félagsþjónustu sé færður undir Héraðsnefnd.

Hreppsnefnd telur að reyna verði til þrautar að sameina rekstur brunavarna í Austur Húnavatnssýslu áður en leitað er samstarfs utan héraðs.

Hreppsnefnd telur að grundvöllur til samstarfs um ráðningu byggingarfulltrúa á vegum héraðsnefndar hafi brostið þar sem eitt sveitarfélag innan nefndarinnar hefur þegar ráðið til sín byggingarfulltrúa.”

Á fundi hreppsnefndar Skagabyggðar 12. júlí 2007 var svohljóðandi bókun samþykkt: “Hreppsnefnd Skagabyggðar er ekki mótfallin flutningi félagsþjónustunnar til héraðsnefndar.

Hreppsnefndin er fylgjandi sameiningu slökkviliðanna í héraðinu og samstarfi um eldvarnareftirlit.

Ljóst er fyrirkomulag á byggingareftirliti í Skagabyggð er hvorki kostnaðarsamt fyrir sveitarfélagið eða þá einstaklinga sem eru í framkvæmdum. Það eru veigamikil rök fyrir því að halda óbreyttu fyrirkomulagi enn um sinn. Því er hreppsnefndin ekki tilbúin að taka þátt í sameiginlegu byggingareftirliti að svo komnu máli.

Ekk er líklegt að sameining Höfðaskóla við aðra grunnskóla á svæðinu leiði til lækkunar á kostnaði við rekstur skólannaþegar tillit er tekið til aksturs með nemendum.

Hafa verður í huga að aukinn akstur er til verulgra óþæginda fyrir nemendur skólanna. Hreppsnefndin er mótfallin hugmyndum um sameiningu Höfðaskóla við aðra skóla.”

Umræður urðu um þá málaflokka sem hafa verið til umfjöllunar og lýstu héraðsnefndarmenn sjónarmiðum sínum og sinna sveitarstjórna.

Adolf lagði fram svohljóðandi tillögu:

“Héraðsnefndarfundur haldinn á Blönduósi 12. júlí 2007 samþykkir:

- *Félagsþjónusta A-Hún. verði færð undir starfsemi héraðsnefndar frá og með 1. janúar 2008.*
- *Héraðsnefndin lýsir áhuga á að kanna áfram frekari kosti þess að sameiginlega verði staðið að brunavörnum og starfi byggingarfulltrúa undir forræði héraðsnefndar.*

Niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2007. Framkvæmdastjórum sveitarfélaganna falið að vinna að málinu.”

Umræður urðu um tillöguna og lýstu héraðsnefndarmenn enn frekar skoðunum sínum á umræddum málaflokkum.

Gert var fundarhlé til að fjalla um málin og að því afloknu voru svohljóðandi breytingartillaga lög fyrir fundinn.

“Héraðsnefndarfundur haldinn á Blönduósi 12. júlí 2007 samþykkir að fela framkvæmdastjórum sveitarfélaganna að gera drög að samningum um með hvaða hætti rekstur eftirtalinna málaflokka verði felldir undir rekstur héraðsnefndar:

- *Félagsþjónusta A-Hún.*
- *Embætti byggingarfulltrúa*
- *Brunavarnir*

Fyrirgreind samningsdrög verði lögð fyrir sveitarstjórnir fyrir 1. okt. 2007 og stefnt að því að samningar geti tekið gildi 1. janúar 2008 að fengnu samþykki aðildarsveitarfélaga.”

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4 Kosningar

Á fundi héraðsnefndar 14. júní sl. var kosningu í héraðsráð frestað.

Uppstillinganefnd lagði svohljóðandi tillögu fyrir fundinn:

Adolf H. Berndsen, oddviti

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson

Tryggvi Jónsson.

Varamenn:

Birna Sveinsdóttir

Héðinn Sigurðsson

Rafn Sigurbjörnsson

Tillagana var samþykkt.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17:55

Valgarður Hilmarrsson, fundarstjóri

Magnús B. Jónsson, fundarritari